
Orkugerðin, Flóahreppi

Framleiðsla á kjötmjöli og fitu úr dýraleifum

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 4. febrúar 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkugerðinni um framleiðslu á kjötmjöli og fitu úr aukaafurðum dýra að Heiðargerði í Flóahreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.12 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landgræðslunnar, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Orkugerðin ehf. Fyrirspurn um matsskyldu. Efla. 28. janúar 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Flóahreppi 10. febrúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 28. febrúar 2022, Landgræðslunni 4. mars 2022, Matvælastofnun 28. febrúar 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 3. mars 2022 og Umhverfisstofnun 25. febrúar 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 8. mars 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Orkugerðin ehf. rekur kjötmjölsverksmiðju við Heiðargerði, í Flóahreppi skammt austan Selfoss. Í verksmiðjunni er framleitt kjötmjöl og fita úr aukaafurðum dýra. Framleiðslan hófst árið 2000. Verksmiðjan er með starfsleyfi til framleiðslu úr 7.000 tonnum af hráefni á ári en fyrirhugað er að auka framleiðslugetuna þannig að hægt verði að framleiða úr 14.000 tonnum á ári. Ástæður fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar stafa af aukinni eftirspurn eftir móttöku og meðhöndlun á lífrænum úrgangi þar sem urðun á honum verður takmörkuð í framtíðinni.

Framleiðsluferli

Í greinargerð Orkugerðarinnar kemur fram að tekið sé við lífrænum úrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum. Fyrirtækið hafi undanfarin ár framleitt úr nærri 3.000-5.000 tonnum af hráefni árlega. Framleiðslan árið 2021 hafi nálgast starfsleyfismörkin. Unnið sé í lotum í verksmiðjunni sem hver sé um ein vika og hafi að öllu jöfnu verið framleitt úr 60-85 tonnum af hráefni í hverri lotu.

Fram kemur að utan sláturtíðar sé unnið 16 tíma á sólarhring og hámarksafköst um 24 tonn. Yfir sláturtíðina sé unnið allan sólarhringinn og afköstin þá um 30-35 tonn á sólarhring. Afurðir séu eins og áður segir fita og kjötmjöl. Mjölið sé mest notað í skógrækt og landgræðslu á Suðurlandi. Einnig hafi vaxið áhugi bænda á að nota mjölið við túnærkt. Fita hafi verið nýtt að hluta í eigin orkuframleiðslu, en ekki náist að nýta hana alla og því sé hluti hennar seldur úr landi þar sem hún sé endurnýtt í framleiðslu á lífdísel eða í orkuvinnslu. Aukning á framleiðslugetu úr 7.000 t/ár af hráefni í 14.000 t/ár muni ekki hafa í för með sér miklar breytingar á verksmiðjunni. Notast verði við sama búnað og húsakost. Framleiðsluaukning muni að mestu nást með lengri keyrslutíma þar



sem gert sé ráð fyrir að keyra verksmiðjuna að staðaldri allan sólarhringinn eins og gert sé á mestu álagstímum í sláturtíð. Líklegt sé að einhverjar endurbætur verði gerðar á núverandi búnaði þannig að styttri tíma muni taka að klára hverja lotu.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Orkugerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Frárennsli og hreinsun þess

Í greinargerð Orkugerðarinnar kemur fram að fráveita verksmiðjunnar eigi sér ferns konar uppruna. Þ.e. þéttivatn frá sjóðurum sem sé áætlað um $1 \text{ m}^3/\text{klst}$. Vatnið sem innihaldi lítið af efnum sé leitt í fitugildru og siturbeð. Einnig vatn sem berist frá þvotti og hreinsun vélbúnaðar og svæða í verksmiðjunni. Því sé safnað í tank og soðið þannig það umbreytist í gufu. Þegar vatnið þéttist aftur fari það út með öðru þéttivatni í fitugildru og siturbeð, en þurrefnin fari aftur inn í framleiðslu. Þá sé vatn frá þvotti í ketilhúsi og niðurblestri af kötlum leitt í fitugildru og þaðan í rotþró. Um óverulegt magn af tiltölulega hreinu vatni sé að ræða. Loks sé skólpi frá starfmannaaðstöðu veitt í sér kerfi í rotþró á lóð fyrirtækisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að með þeirri framleiðsluaukningu sem áætluð er muni frárennsli aukast verulega. Mikilvægt sé að kröfur í starfsleyfi um hreinsun og notkun úrgangs frá framleiðslunni verði uppfærðar.

Í svörum Orkugerðarinnar kemur fram að allt fráveituvatn fari í gegnum hreinsibúnað áður en það berist í siturbeð. Frárennslivatnið innihaldi lítið magn af lífrænum efnum sem auðveldlega brotni niður í náttúrunni og því ekki gert ráð fyrir áhrifum á umhverfið. Þó aukning verði á magni frárennslisvatns frá verksmiðjunni mun samsetning og eiginleikar frárennslisins ekki breytast. Gert er ráð fyrir að nota sama hreinsibúnað og að núverandi búnaður anni því. Styrkur mældra mengunarefna er lágur og vel undir starfsleyfiskröfum og gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Fastur úrgangur

Í greinargerð Orkugerðarinnar kemur fram að lítill sem enginn úrgangur fylgi starfseminni. Gölluð framleiðsluvara eins og soðkaka sem ekki sé hægt að skilja í fitu og mjöl, sé nýtt sem áburður í lífræna ræktun. Rekstrarúrgangur sé flokkaður með það að markmiði að endurnýta og/eða endurvinna eins mikið og frekast er unnt. Magn óflokkaðs úrgangs til förgunar sé áætlað um 5.000 kg.

Losun til andrúmslofts

Í greinargerð Orkugerðarinnar kemur fram að losun efna í andrúmsloft sé af tvennum toga. Annars vegar inniloft frá vinnurými verksmiðju sem blásið sé út um skorstein. Um sé að ræða tiltölulega hreint loft með lyktarefnum. Í framtíðinni muni þetta loft fara í gegnum lyktareyðingu (ósontæki) sem muni eyða mestu lyktinni. Ósontækið sé komið á staðinn og unnið sé að uppsetningu þess. Hins vegar útblástur frá brennara við gufuketil. En það berist út um skorstein. Útblásturinn innihaldi lágt innihald brennisteins og sóts þar sem notast sé við fitu (lífeldsneyti) við gufuframleiðsluna.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að möguleg neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar séu fyrst og fremst lykt. Stofnunin telur afar jákvætt að búið sé að kaupa hreinsibúnað til starfseminnar. Jafnframt er bent á að mikilvægi þess að hráefni sé ferskt og unnið sé hratt úr því eins og fram kemur í greinargerð. Þá telur stofnunin að afkastaukningin gæti, ef vel er staðið að málum, jafnvel verið til bóta.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að kvartað hafi verið undan lykt frá verksmiðjunni en markvisst hafi verið unnið að því að draga úr lykt frá starfseminni. Með lengri keyrslum verði framleiðslan stöðugri og hætta á lyktarmengun minnki.

5 Skipulag og leyfi

Starfsemin er á iðnaðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og deiliskipulag iðnaðarsvæðisins frá 1996.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þá ber starfseminni að afla leyfis Matvælastofnunar.

6 Niðurstaða

Um er að ræða framleiðslu kjötmjöls og fitu úr aukaafurðum dýra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.12 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Með framleiðsluaukningunni er verið að auka afköst í gegnum það húsnæði og þann búnað sem er til staðar. Umfang framkvæmdar felst því í tvöföldun framleiðslu án mannvirkjagerðar. En ósonbúnaði sem vinnur gegn lyktarefnum í útblæstri verður komið fyrir. Mjög lítill úrgangur fylgir starfseminni sem felst öðru fremur í úrvinnslu aukaafurða dýra sem fellur til sem úrgangur í annarri starfsemi. Auknar framleiðsluheimildir og búnaður til lyktareyðingar er líklegur til að draga úr mögulegu ónæði vegna slæmra loftgæða sem hafa nokkrum sinnum orðið tilefni til kvartana. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Starfsemin er á svæði sem hefur verið afmarkað til iðnaðar í aðalskipulagi Flóahrepps. Umhverfis iðnaðarsvæðið er landbúnaðarsvæði. Starfsemin er ekki á viðkvæmu svæði eða svæði sem nýtur einhvers konar verndar. Framleiðsluaukningin felur ekki í sér að starfsemin þurfi meira land en þegar er undirlagt vegna starfseminnar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.



Skipulagsstofnun telur litlar líkur á umfangsmiklum eða langvarandi neikvæðum áhrifum vegna starfsemi Orkugerðarinnar. Ef einhverjar líkur eru á neikvæðum áhrifum þá er það helst tímabundið ónæði vegna ólyktar en aukin afköst og nýr mengunarvarnarbúnaður eru líkleg til að draga hættu á slíkum atvikum. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur mikilvægt að hráefni sé ferskt og unnið sé hratt úr því. Gangi það eftir geti afkastaaukningin, ef vel er staðið að málum, jafnvel verið til bóta í þessu sambandi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. apríl 2022.

Reykjavík, 17. mars 2022

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson